

Made in mountains ehf.
Flókagötu 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2019
UST201907-116/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Hjólreiðakeppni - Húsafellsskógar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Made in mountains ehf., dagsett 14.7.2019, um leyfi til að halda hjólreiðakeppni innan Húsafellsskógar.

Húsafellsskógar er friðlýstur sem friðland, sbr. auglýsing nr. 606/2001. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl þar í löglegum tilgangi, enda sér góðrar umgengni gætt. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir leyfi að fara á reiðhjólum um göngustíg innan Húsafellsskógs, föstudaginn 9. ágúst vegna hjólreiðarviðburðarinns Glacier 360 þar sem hjólað er í kringum Langjökul. Einnig er óskað eftir leyfi til að setja upp merkingar til að afmarka hjólateiðina. Hluti leiðarinnar liggar um gamlan akveg í Húsafelli, sem nýttur er fyrir göngu- og hestamenn í dag. Áætlaður fjöldi þáttakenda er 70. Tveir og tveir hjóla saman inn á svæðið, ekki í stórum hópum, og hjóla þau beint í gegnum svæðið. Oftast hefur dreifst vel úr keppendahópnum á þessum kafla þannig að það geta liðið margar mínutur, ef ekki klukkustundir, á milli fólks. Sótt er um leyfi til að setja upp borða til að afmarka leiðina á þeim stöðum þar sem gæti komið upp vafí hvert og/eða hvar skal hjóla, til að koma í veg fyrir að fólk fólk villist af leið og endi utan stíga. Merkingarnar eru festar með teini í moldina (myndir af merkingunum og festingunum fylgja umsókninni). Farið er inn á stíginn af þjóðvegi 550 og endamark er við sundlaugina í Húsafelli. Tveir starfsmenni keppninnar vinna við endamarkið á tjaldsvæðinu og taka þar á móti hjólreiðafólkini. Annað starfsfólk mun þjónusta keppendur á tjaldsvæðinu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Litlar líkur eru á að framkvæmd keppninnar muni valda spjöllum á friðlýstum náttúruminjum og er það mat stofnunarinnar að rask verði minnháttar ef farið verður að þeim skilyrðum sem sett eru í leyfi þessu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun heimilar Made in Mountains ehf fyrir sitt leyti að halda hjólreiðarviðburðinn Glaceier 360 innan friðlandsins í Húsafelli og uppsetningu merkinga

innan friðlandsins sbr. lýsingu hér að ofan þann 9. ágúst 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Stjórnendur tryggi að við þjónustu vegna viðburðarins verði ekki ekið utan brautar og að þjónustubifreiðum verði eingöngu ekið á merktum vegum.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þáttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hjólateið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri utan hennar. Brýnast er að passa vel upp á framangreint og merkja leiðina vel á viðkvæmum svæðum.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verið skilið eftir neinn úrgang á víðavangi, hvorki á/við keppnileiðina, á áningarástöðum, né á upphafs- og endastöð. Einnig að tryggt verði að merkingar, flögg, sem notuð verða til að merkja hjólateiðina verði fjarlægð strax að keppni lokinni.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan stíga að verkefni loknu.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask, og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Umhverfisstofnun óskar eftir að þáttakendur haldi sig líka á stígum og/eða vegum utan hins friðlýsta svæðis sbr. 19.gr. náttúruverndarlaga og minnir stofnunin einnig á að óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega sbr. 31.gr. sömu laga.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfallst

Linda Björk Hallgrímsdóttir

Linda Björk Hallgrímsdóttir
Sérfræðingur

Freyja Pétursdóttir

Freyja Pétursdóttir
Sérfræðingur